

Sjóvá – Árshlutauppgjör

Hagnaður 1.803 m.kr. á fyrstu sex mánuðum ársins

Hagnaður 702 m.kr. á öðrum ársfjórðungi

- Hagnaður af váttryggingastarfsemi fyrir skatta 250 m.kr.
- Hagnaður af fjárfestingarstarfsemi fyrir skatta 539 m.kr.
- Ávöxtun eignasafns félagsins 2,5%

Hermann Björnsson, forstjóri:

„Afkoma Sjóvár á öðrum ársfjórðungi er í takt við það sem búast mátti við og það sama má segja um afkomuna fyrstu sex mánuði ársins. Eins og oft áður er það fjárfestingarstarfsemin sem myndar stærsta hluta heildarafkomunnar. Undanfarin misseri hefur verið unnið að því að bæta afkomu váttryggingastarfseminnar. Þess sjást merki í afkomu annars ársfjórðungs sem var mun betri en fyrir ári þrátt fyrir einstök stærri stór tjón það sem af er árinu. Fyrir fyrstu sex mánuði ársins hefur vöxtur eigin iðgjalda verið meiri en vöxtur eigin tjóna.

Við teljum afar brýnt að ná betri tókum á þeirri tjónaþróun sem verið hefur í umferðinni þar sem hvert tjón getur valdið óbætanlegum skaða og kostnaður numið tugum milljóna. Sjóvá er þátttakandi í verkefninu Höldum fókus sem snýst um að vekja athygli á mikilli og almennri símnotkun við akstur og afleiðingum hennar með það að markmiði að draga úr slysum. Það er til mikils að vinna fyrir okkur sem samfélag að breyta þeirri hegðun til hins betra.“ segir Hermann.

Helstu niðurstöður og lykiltölur

	2F	2F		6M	6M	
	2017	2016	%	2017	2016	%
Váttryggingastarfsemi						
Iðgjöld tímabilsins	4.029	3.691	9,2%	7.879	7.275	8,3%
Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum	-214	-208	2,9%	-394	-389	1,2%
Eigin iðgjöld	3.815	3.482	9,6%	7.484	6.885	8,7%
Fjárfestingartekjur af váttryggingarekstri	262	204	28,4%	537	401	33,8%
Aðrar tekjur	4	4	0,0%	20	15	32,3%
Heildartekjur af váttryggingarekstri	4.080	3.690	10,6%	8.041	7.302	10,1%
Tjón tímabilsins	-3.004	-2.723	10,3%	-5.956	-5.415	10,0%
Hluti endurtryggjenda í tjónum tímabilsins	114	40	185,0%	164	-4	
Eigin tjón	-2.890	-2.684	7,7%	-5.792	-5.419	6,9%
Rekstrarkostnaður af váttryggingarekstri	-941	-879	7,1%	-1.864	-1.807	3,2%
Heildargjöld af váttryggingarekstri	-3.831	-3.562	7,6%	-7.656	-7.226	5,9%
Hagnaður/tap af váttryggingarekstri	250	128	95,3%	385	75	410,5%
Fjárfestingarstarfsemi						
Fjárfestingartekjur af fjárfestingarstarfsemi	609	374	62,8%	1.697	885	91,7%
Rekstrarkostnaður af fjárfestingarstarfsemi	-69	-43	60,5%	-134	-107	25,6%
Hagnaður af fjárfestingarstarfsemi	539	331	62,8%	1.563	779	100,8%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	789	458	72,3%	1.949	854	128,1%
Tekjuskattur	-87	-173	-49,7%	-146	-145	0,3%
Heildarhagnaður tímabilsins	702	286	145,5%	1.803	709	154,4%

	2F	2F	6M	6M
	2017	2016	2017	2016
Tjónahlutfall	74,6%	73,8%	75,6%	74,4%
Endurtryggingahlutfall	2,4%	4,5%	2,7%	5,2%
Kostnaðarhlutfall	23,3%	23,9%	23,7%	24,8%
Samsett hlutfall	100,3%	102,2%	101,9%	104,5%
Ávöxtun eigin fjár	16,9%	7,0%	21,7%	8,8%
Hagnaður á hlut	0,49	0,18	1,26	0,46
Eigið fé	15.832	16.197	15.832	16.197
Gjaldþolshlutfall SII	1,58	1,93	1,58	1,93

Kynningarfundur 24. ágúst kl. 16:15

Sjóvá býður til opins kynningarfundar um afkomu félagsins á öðrum ársfjórðungi 2017, fimmtudaginn 24. ágúst kl. 16:15 í fundarsal félagsins í Kringlunni 5, 6. hæð. Hermann Björnsson forstjóri mun kynna uppgjorið og svara spurningum. Hægt er að fylgjast með beinni útsendingu frá fundinum á vefslóðinni www.sjova.is/afkomukynningar

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Vala Halldórsdóttir í síma 440-2000 eða fjarfestar@sjova.is.

Samstæðureikningur Sjóvár fyrir annan ársfjórðung var samþykktur af stjórn og forstjóra á stjórnarfundum þann 24. ágúst 2017. Árs hlutareikningurinn hefur hvorki verið kannaður né endurskoðaður af endurskoðendum félagsins.